

68
24. maí

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa h.f. Hval innflutning á fjórum hvalveiðiskipum, þótt eldri séu en 12 ára, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1951.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

69
31. maí

AUGLÝSING

um bráðabirgðaviðskiptasamkomulag milli Íslands og Brasilíu.

Með erindaskiptum milli Thors Thors sendiherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Heitors Lyra setts utanríkisráðherra Brasilíu fyrir hönd ríkisstjórnar Brasilíu var hinn 5. maí gert bráðabirgðasamkomulag í Rio de Janeiro um viðskipti milli Íslands og Brasilíu.

Samkvæmt samkomulaginu leyfir ríkisstjórn Íslands útflutning á saltfiski til Brasilíu fyrir allt að 300 000 sterlingspund og innflutning á kaffi frá Brasilíu fyrir sömu upphæð. Ríkisstjórn Brasilíu leyfir útflutning til Íslands á kaffi fyrir 300 000 sterlingspund og innflutning frá Íslandi á saltfiski fyrir sömu upphæð.

Samkomulagið gildir í eitt ár.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 31. maí 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

70
1. júní

AUGLÝSING

um að forseti sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 1. júní 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Birgir Thorlacius.